

# Nýárshugleiðingar 1948.

Annaðhvort — eða.

## I.

Enn eru áráskipti, og á-  
staða til að skrifa eitthvað  
um horfur á þessu ári, sem  
nú er að hefjast. Í aðra rönd-  
ina er þetta mjög auðvelt.  
1948 mun verða ár stórra  
tíðinda. Og þar eð oss er  
kunnugt um lögmál hinnar  
vaxandi hættu hjá helstefnu-  
mannkyni, þá má einnig  
segja fyrir, að þessi stærri  
tíðindi en á nokkru „fríðar-  
ári“ öðru, munu einnig verða  
verri tíðindi — ef ekki get-  
ur orðið nokkur nýstárleg  
stefnubreyting á þessu ári. Í  
illa átt benda áramótatíðind-  
in hér í Reykjavík. Ærslin  
á gamlárskvöld voru mun  
ljótari en í fyrra, þó að ljót  
væru. Nú hefir verið sagt  
frá leiðinlegri meiðslum en  
þá, skaðlegri sprengingatöl-  
um, og stórbrúna, sem orð-  
ið hefði ef ekki röskleg fram-  
ganga lögreglu og slökkviliðs  
hefði komið í veg fyrir það.  
Á jólunum telja menn sér  
skylt að gleðja aðra, en svo  
er að sjá sem nú sé farið að  
telja það sjálfsagt, að hátíða-  
brigðin á gamlárskvöld eigi  
helzt að vera innifalín í því,  
að hrella aðra, veita þeim  
jafnvel meiðslasár og valda

þeim stórtjóni. Það er erfitt  
að skilja, hvernig svo svi-  
virðilegt hugarfar er til kom-  
ið, og það verður að vera oss  
öllum mikið áhugamál, að  
þar geti orðið bætt um, það  
er einmitt þetta hugarfar,  
að vilja leita sér ánægju  
(gagns og frama) með því  
að gera öðrum illi, sem ein-  
kennir hina illu tilverustaði  
alheimsins. Gaman þætti mér  
að vita, hve margir af þeim  
prestum, sem prédikuðu á  
þessum jólum, hafa munað  
eftir gamlársærslahættunni,  
og sætt færimu til að brýna  
fyrir áheyrendum sínum þá  
undirstöðulífemisreglu, að  
það má aldrei leita sér á-  
nægju með því að hrella aðra  
eða hryggja, eða skaða á  
nokkurn hátt. Það er undar-  
legt, að þetta gamlárskvöld-  
athæfi skuli hafa átt sér  
stað hjá þjóð, þar sem  
skönnu áður nokkrir menn  
höfðu lagt sig í lífsháska og  
hið mesta erfiði, til þess að  
forða „nokkrum“ útlendum  
sjómönnum frá þeim dauða,  
sem að öðrum kosti hefði  
verið þeim vis. Fólkið, sem  
vann þetta björgunaraufrek,  
er vissulega þjóðarsómi, og

slikan atburð verður að telja góðs vita. Og eins hin önnur björgunartíðindi, sem urðu eftir að ég hafði skrifað frumdrætti þessara nýárs-hugleiðinga. Það var gleðilegt að sjá, hve vel menn kunnu hér að meta hina drengilegu framkomu hinna illa nestuðu og klæðlitlu þýzku sjómanna gagnvart hinum lainghröktu austfirzku sægöörpum, sem misstu þarna bál sinn. En vonandi er, að áskorun heiðursmanns, sem ég man því miður ekki að nefna, um að styðja að því, að Austfirðingunum verði bætt bátstjónið, fái góðar undirtektir.

#### Eftirmáli.

Það er aðeins fyrsti kafli nýárs-hugleiðinga minna, sem ég ket hér koma. En nú, 18. febr., eru horfurnar þegar allmikið breyttar frá því, sem var á nýársdag. Nú virðist minni ástæða til að segja: Annað hvort — eða, Horfurnar á því að stórtíðindi ársins verði jafnframt líti tíðindi, hafa svo eindregið aukizt. Og þó þarf ekki að efa, að þeir hafa rétt fyrir sér, sem segja, að styrjöld þar

sem beitt sé kjarnorkuvopnum, megi ekki eiga sér stað, ef ekki á það tjón af að hljótaast, sem ekki verði bætt. En hvernig á að koma til leiðar þeirri hugarfarsbreytingu, sem ein getur komið í veg fyrir hin illu tíðindi? Það er erfitt að koma auga á nokkrar líkur til að það geti tekið izt. Góða hjálp í þa átt er að vísu að finna í hinu merkilegu bók enska heim-spekingsins Ripley Webb, um tilgang lífsins. En hvernig ætti sú hjálp að fara að ná til milljónanna? Og það er það, sem þarf, ef full not ætlu að geta orðið að. Fræg leikritaskáld eru þeir rithöfundar, sem til langflestra ná. En að skáld af því lagi geti svo mikið sem að veita eftirtekt hinum nýju hugsunum, sem eru hin nauðsynlegu byrjun, ef stefnubreytingin á að geta orðið, virðist vera með því ólíklegasta, sem hægt er að gera ráð fyrir, hvað þá að þess komar skáldi gæti orðið það áhugamál, að ryðja bráutina fyrir hversu um stefnubreytingarinnar.

Helgi Pjetur